



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

10. apríl 2019 – Pistill nr. 52



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Helgi Héðinsson oddviti, Þorsteinn sveitarstjóri, Guðríður Þorvarðardóttir úr ráðuneytinu og Sigurður G. Böðvarsson varaoddviti.

Umhverfis- og auðlindaráðherra í heimsókn

Í síðustu viku kom Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra í heimsókn í Mývatnssveit ásamt aðstoðarfólki þar sem sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti tóku á móti honum. Rædd voru ýmis málefni eins og fráveitumál sem ráðherra sýndi mikinn áhuga, málefni þjóðlendna, Vatnajökulspjóðgarðs, gestastofu í Mývatnssveit og ýmislegt fleira. Fundurinn var afar góður og sérlega ánægjulegt og til fyrirmyndar að ráðherra skyldi gefa sér góðan tíma til að ræða við fulltrúa sveitarfélagsins um þau málefni sem efst eru á baugi um þessar mundir.

Skipað í sundlaugarnefnd

Á þar síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að mynda stýrihóp um endurbyggingu sundlaugar í Skútustaðahreppi. Tilnefningar ásamt erindisbréfi voru lagðar fyrir fund sveitarstjórnar í gær. Eftirfarandi tilnefningar voru samþykktar:

- Sveitarstjórn: Helgi Héðinsson formaður og Halldór Þ. Sigurðsson.
 - Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Edda Hrunð Guðmundsdóttir.
 - Grunnskóli / Mývetningur, íþrótt- ungmennafélag: Jóhanna Jóhannesdóttir.
 - Fulltrúar íbúa og atvinnulífs: Pétur Snæbjörnsson og Ólafur Ragnarsson
 - Fulltrúi eldri Mývetninga: Birkir Fanndal.
- Sveitarstjóri verður starfsmaður nefndarinnar. Þá var samþykkt erindisbréf nefndarinnar.



Baldur Dýrfjörð lögfræðingur, Lovísa Árnadóttir upplýsingafultrúi, Þorsteinn sveitarstjóri, Páll Erland framkvæmdastjóri og Sigurjón N. Kjærnested forstöðumaður fagsviða.

Fulltrúar Samorku í heimsókn

Óhætt er að segja að gestkvæmt hafi verið í Mývatnssveit að undanfögnu. Á meðal gesta í síðustu viku voru fulltrúar Samorku sem eru samtök orku- og veitufyrirtækja sem Skútustaðahreppur á aðild að. Sérstaklega voru rædd málefni fráveitu og hitaveitu sem hafa verið í brennidepli hjá

sveitarfélaginu síðustu misseri og hefur Samorka aðstoðað okkur við þennan málaflokk. Fundurinn var gagnlegur og jafnframt fróðlegt að fræðast nánar um starfsemi Samorku sem er málsvari orku- og veitugeirans í landinu.



Unnið á borðum á íbúafundinum í síðustu viku þar sem íbúar af erlendu bergi brotmir voru í meirihluta.

Vel sóttur og flottur íbúafundur um fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins

Í síðustu viku var haldinn vinnufundur í Skjólbrekku um fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps. Vel var mætt. Rætt var hvernig sveitarfélagið getur tekið betur á mótí nýjum íbúum og hvernig við getum notið þess enn betur að búa hérna saman. Nýjasta tækni var einnig nýtt á íbúafundinum. Þar var t.d. spurningum varpað upp á skjá og þátttakendur gátu svarað spurningum rafrænt í gegnum símann sinn og birtust svörin á skjánum.

Hér var t.d. spurt: Hvað er það besta við að búa í Skútustaðahreppi:



Eins og sést er það fólkið, náttúran, fegurðin og friðurinn sem sker sig úr.

Hér var spurt: Hvað getum við gert til að gera lífið í Skútustaðahreppi enn betra:



Íbúafundurinn tókst einstaklega vel undir stjórn Þekkingarnets Þingeyinga sem var ráðið til að sjá um verkefnisstjórn. Sérstakur stýrihópur heldur utan um verkefnið og er ráðgert að fyrstu drög að fjölmenningsstefnunni verði tilbúin í haust. Stýrihópurinn vill koma kæru þakklæti á framfæri til allra þeirra sem mættu á íbúafundinn, einnig rekstraraðilum fyrir gott samstarf og foreldrafélaginu fyrir að sjá um veitingar.



Arnþrúður Dagsdóttir verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga og Huld Hafliðadóttir frá Nordurþingi en hún var fundarstjóri.



Frá íbúafundinum í Skjólbrekku.



Frá aukaaðalfundi Eyþings í fyrradag.

Merk samþykkt á aukaaðalfundi Eyþings

Á aukaaðalfundi Eyþings sem haldinn var í fyrradag var samþykkt að undirbúa stofnun nýs félags sem taki við verkefnum Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Markmið félagsins verði að efla Norðurland Eystra sem ákjósanlegan valkost til búsetu og atvinnu. Lagt er upp með að starfsstöðvar verði fjórar og þær verði staðsettar á Akureyri, Húsavík, Tröllaskaga og í Norður-Þingeyjarsýslu og starfsstöðin á Húsavík verði jafnframt aðalskrifstofa félagsins. Aukaaðalfundurinn samþykkti að skipa þriggja manna stýrihóp um stofnun nýs félags en í honum sitja formenn stjórna AP, AFE og Eyþings. Niðurstaða vinnunnar skal liggja fyrir næsta aðalfund Eyþings sem haldinn verður í haust.

Páskaeggjaleit fjölskyldunnar!

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur hina árlegu páskaeggjaleit laugardaginn 20. apríl frá kl.11:00 – kl.12:00. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem leitað er að páskaeggjum sem hafa verið falin í nágrenninu. Í lokin er svo happdrætti fyrir alla skráða þátttakendur.

- Páskaeggjaleit - happdrætti
- Koma saman og hafa gaman
- Páskaegg falin í nágrenninu
- Skráning kl 10:30 - lagt af stað í páskaeggjaleit kl. 11:00.

Samþykkt að norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs stækki

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að norðursvæði stækki í samræmi við tillögu svæðisráðs

norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs með þeim fyrirvara að slóðar að minjum verði haldið opnum sem og leitarlóðum fyrir búfé líkt og umhverfisnefnd leggur áherslu á. Sveitarstjórn fagnar því að aukið fjármagn skuli veitt í landvörslu og til uppbyggingu innviða í Vatnajökulsþjóðgarði.



Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, verkefnisstjóri á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði Landsvirkjunar, Helgi Arnar Alfreðsson og Júlía Katrín Björke hjá Myvatn Volcano Park og Haraldur Hallgrímsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar og sölu hjá Landsvirkjun, eftir undirritun samningsins á hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps.

Samningur um orkutengda ferðapjónustu

Landsvirkjun og Myvatn Volcano Park (MVP) hafa undirritað samstarfssamning um tilraunaverkefni í orkutengdri ferðapjónustu. MVP hyggst skipuleggja ferðir undir nafninu *Living on a Volcano* og fær til þess aðgengi að vinnslusvæði Landsvirkjunar við Kröflu og Bjarnarflag.

Markmið samstarfssamningsins er að auka verðmætasköpun á grundvelli orkuauðlinda og innviða Landsvirkjunar.

Í ferðunum *Living on a Volcano* læra gestir um fjölnýtingu eldfjalla á Íslandi, jarðhitann og hinar góðu og slæmu hliðar sambýlis mannsins við eldfjallið. Leiðsögumenn verða jarðfræðingarnir Helgi Arnar Alfreðsson og Júlía Katrín Björke, sem hafa stundað rannsóknir og náttúrueftirlit í Mývatnssveit í eldfjalla- og jarðhitafræðum undanfarin ár.

Óskað eftir tilnefningum til Menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2019

Haustið 2018 lagði velferðar- og menningar- málanefnd fram reglur um að menningarverðlaun Skútustaðahrepps yrðu veitt árlega og að handhafi

verðlaunanna hlyti styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna á fundi í september 2018. Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir því eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2019. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi. Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir *Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur*). Tilnefningar skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí n.k. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k.



Sirkushelgi í Mývatnssveit

Húlladúllan heimsækir Skútustaðahrepp helgina 11.-12. maí með frábæra og heilsueflandi fjölskyldu sirkushelgi! Við munum njóta, læra nýja og spennandi hluti, hlæja, svitna og gleðjast. Kennt er í 12 klukkustundir alls og er þáttkugjald 2000 krónur. Heimsækið heimasíðu Húlladúllunnar til þess að skrá þáttakendur til leiks. Fjölskyldusirkushelgin felur í sér tveggja daga kennslu þar sem þáttakendur fá að prófa hinar ýmsu sirkuslistir og og sirkusáhöld undir leiðsögn tveggja frábærra kennara. Húlladúllan Unnur Máney leiðir kennsluna og með henni er Erna Héðins, kennari og markþjálfari. Kennt er í sex klukkutíma

laugardag og sunnudag með klukkutíma hádegishléi hvorn dag, frá klukkan 11:00 til klukkan 17:00.

Músík í Mývatnssveit

Mývetningar, ferðafólk og landsmenn eru hvattir til að fjölmenna á hina metnaðarfullu tónlistarhátíð Músík í Mývatnssveit um páska. Kammertónleikar verða í Félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag 18. apríl kl. 20. Þar verður fluttur hinn bráðskemmtilegi píanókvintett eftir Dvorák ásamt söngljóðum og dúettum eftir Brahms, Schumann, Grieg, Mozart og íslensk tónskáld. Í Reykjahlíðarkirkju föstudaginn langa 19. apríl kl. 20 verður flutt Stabat Mater eftir Pergolesi og tónlist eftir Bach, Rossini og fleiri. Flytjendur eru: Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað sópran Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran Laufey Sigurðardóttir fiðla Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðla Vívi Ericson lágfiðla Julia Mogensen sello Peter Matè pianó og orgel Miðasala við innganginn.

Söfnun á brotajárni, bílhraejum og timbri 3. til 13. júní

Dagana 3. til 13. júní n.k. verður Mývetningum boðið upp á viðamikla söfnun á brotajárni, bílhraejum, þakjárnri, timbri og fleira stórvægilegu, ykkur að kostnaðarlausu, líkt og gert var í fyrra og mæltist vel fyrir. Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng tekur að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Athugið að hringja þarf í Sigurð með nokkurra daga fyrirvara í síma 892 0157 svo hann geti skipulagt ferðirnar. Ábúendur í Mývatnssveit eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fegra umhverfið okkar.

Páskabingó Mývetnings

Páskabingó Mývetnings verður haldið þriðjudagskvöldið 16. apríl kl.20 í Reykjahlíðarskóla.

Spjaldið kostar 500 kr og í hléi verða 3 spjöld á 1000 kr. Enginn posi á staðnum.

Nemendafélagið verður með sjoppuna opna.

Húsið opnar kl. 19:45.

Veglegir vinningar í boði.



Frá vinnufundi á Akureyri um hönnun safntanks á Hólasandi.

Unnið að hönnun fráveitumannvirkja á Hólasandi

Nú er unnið að hönnun á safntanki og hreinsivirki á Hólasandi þar sem svartvatni verður dælt en verkfræðistofan Efla sér um hönnunina. Fyrir skömmu var boðað til hönnunarfundar á Akureyri en þangað mættu fulltrúar sveitarfélagsins, Landgræðslunnar, Verkvals o.fl. aðila sem koma að þessu einstaka verkefni. Safntankurinn verður byggður á Hólasandi í sumar og niðurplæging á svartvatni til uppgræðslu hefst einnig í sumar.

Guðspjónustur og helgihald í Skútustaðaprestakalli á vordögum 2019

19. apríl Föstudagurinn langi:

08:45 Tíðarsöngvar sungnir í Reykjahlíðarkirkju við upphaf Píslargöngu. Passíúsálmur Hallgríms Péturssonar lesnir í Skútustaðakirkju yfir daginn fyrir gesti og gangandi.

21. apríl Páskadagur:

Hátíðarguðspjónusta sóknanna í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng.

Fermingarbörn lesa ritningarlestra.

Organisti og söngstjóri er Ilona Laido.

27. apríl (laugardagur):

Fermingarguðspjónusta með altarisgöngu í Skútustaðakirkju klukkan

11:00. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng.

Organisti og söngstjóri er Ilona Laido

Fermd verða: Elín Rós Sigurðardóttir, Katla

Böðvarsdóttir og Margrét Ósk Friðriksdóttir.

9. júní Hvítasunnudagur:

Hátíðarguðspjónusta sóknanna á Hvítasunnu í Skútustaðakirkju klukkan 11:00 – Ferming með altarisgöngu. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng. Organisti og söngstjóri er Jaan Alavere.

Fermdir verða: Bárður Jón Gunnarsson og Kristján Örn Kristjánsson

Verið velkomin og gleðilega páska!

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar verður haldinn í Skútustaðakirkju fimmtudaginn 25. apríl kl. 20.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál.

HRÓS DAGSINS...

Fær Myvatn Volcano Park (MVP) fyrir mjög áhugaverða nýjung í ferðapjónustu í Mývatnssveit.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu, m.a. landsþing sveitarfélaga, ársþing Lánasjóðs sveitarfélaga, gestastofufund með stofnunum í Mývatnssveit, með stýrihóp hamingjuverkefnisins, fund með stýrihóp um sjálfbærni-verkefni á Norðausturlandi, íbúafund um fjölmenningu, aukaaðalfund Eyþings og margt fleira. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri